

REGLUR LANDSBRÉFA um flokkun viðskiptavina

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur reglna þessara er að tryggja að flokkun viðskiptavina Landsbréfa hf. sem veitt er fjárfestingarþjónusta sé í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga (mffl.). Reglur þessar eru þáttur í neytendavernd viðskiptavina en neytendavernd er mismunandi eftir því hvaða flokki viðskiptavinur tilheyrir.

2. gr.

Gildissvið

Landsbréf flokka viðskiptavini sína sem almenna fjárfesta, sbr. 3. gr., fagfjárfesta sbr. 4. gr. eða viðurkennda gagnaðilaa sbr. 5. gr.

Ákvörðun um það hvaða flokki viðskiptavinur tilheyrir skal liggja fyrir við upphaf viðskiptasambands. Ef viðskipti í sjóðum félagsins eiga sér stað fyrir tilstilli þriðja aðila skulu gerðar ráðstafanir svo að viðeigandi flokkun viðskiptavina eigi sér stað í samræmi við lög.

Landsbankinn hf. er móðurfélag Landsbréfa og helsti söluaðili sjóða Landsbréfa og gilda reglur Landsbankans um flokkun viðskiptavina vegna fjárfestingarþjónustu þegar Landsbankinn á milligöngu um viðskipti með sjóði Landsbréfa, en reglur Landsbankans eru efnislega samhljóða reglum Landsbréfa.

3. gr.

Almennir fjárfestar

Landsbréf flokka eftirtalda aðila sem almenna fjárfesta:

1. einstaklinga;
2. fyrirtæki og félög sem ekki uppfylla kröfur mffl. um umfang heildartölu efnahagsreiknings, hreina ársveltu og/eða eigið fé til að teljast fagfjárfestar, sbr. 4. gr.

Almennir fjárfestar njóta mestrar neytendaverndar samkvæmt lögum. Almennum fjárfestum stendur takmarkað vöruúrval til boða. Almennir fjárfestar geta því ekki átt viðskipti með flókna fjármálagerninga, s.s. óskráða fjármálagerninga, valrétti, framvirka samninga og aðrar afleiður, nema gert hafi verið fullt hæfismat á viðkomandi fjárfesti og hann metinn hæfur af Landsbréfum til að eiga slík viðskipti. Í hæfismati felst m.a. að kanna hvort viðskiptavinur skilji þá áhættu sem felst í viðskiptum og hafi fjárhagslegan styrk til að standa undir þeim.

4. gr.

Fagfjárfestar

Landsbréf flokka eftirtalda aðila sem fagfjárfesta:

1. Stór fyrirtæki, sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum hvað varðar fjárhæðir sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) ISK/EUR eins og það er skráð hverju sinni:
 - a. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20. millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða hærri.
 - b. Hrein ársvelta er jafnvirði 40. millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meiri.
 - c. Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meira.

2. Stofnanafjárfesta sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðila sem fást við verðbréfum eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.

Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavinum sem búa yfir nægri reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Ekki eru gerðar jafn ítarlegar kröfur til upplýsingagjafar til fagfjárfesta þar sem Landsbréfum er heimilt að ganga út frá því að fagfjárfestar hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að skilja áhættuna sem felst í verðbréfaviðskiptum. Einstaklingar sem sótt hafa sérstaklega um að vera flokkaðir sem fagfjárfestar og fullnægja skilyrðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga fyrir slíkri flokkun. Ef einstaklingur er flokkaður sem fagfjárfestir skal sérstaklega farið yfir það með honum hver réttaráhrif þess eru að vera flokkaður sem fagfjárfestir og skal hann undirrita yfirlýsingu þess efnis að honum hafi verið kynnt þessi réttaráhrif.

Fagfjárfestum stendur til boða allt vöruúrval Landsbréfa.

5. gr.

Viðurkenndir gagnaðilar

Landsbréf flokka eftirtalda aðila sem viðurkennda gagnaðila:

1. Lögaðila, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
2. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.

Viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstrar verndar samkvæmt lögum.

6. gr.

Tilkynning um flokkun og samþykki yfirlýsingar

Landsbréf greina viðskiptavinum skriflega frá því hvaða flokki hann tilheyrir og upplýsa hann um rétt hans til að falla í annan flokk og hver réttaráhrif þess eru. Viðskiptavinir með flokkun sem viðurkenndir gagnaðilar þurfa með undirskrift sinni á sérstaka yfirlýsingu að samþykkja flokkunina.

7. gr.

Tilfærsla á milli flokka

a. Almennur fjárfestir í flokk upphækkaðra fagfjárfesta

Almennir fjárfestar geta sótt skriflega um það til Landsbréfa að vera flokkaðir upphækkaðir fagfjárfestar, sbr. 54. gr. mffl. Við flokkun sem upphækkaður fagfjárfestir afsalar viðskiptavinur sér hluta af þeim réttindum og vernd sem hann nýtur samkvæmt lögum sem almennur fjárfestir.

Viðskiptavinir sem óska eftir stöðu upphækkaðs fagfjárfestis þurfa að uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

1. hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi
2. verðgildi hreinnar eignar fjárfestis í fjármálagerningum og innstæðum skal nema meira en 500.000 evrum (EUR)
3. fjárfestir skal gegna eða hafa gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.

Til að umsókn almenns fjárfestis um stöðu upphækkaðs fagfjárfestis verði tekin til greina þarf viðskiptavinur að veita Landsbréfum tilteknar upplýsingar og Landsbréf þarf að leggja mat á kunnáttu, þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hvort nægileg víska sé fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Hafi viðskiptavinur áður átt viðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu annars fjármálafyrirtækis þarf eftir atvikum að skila inn yfirliti yfir viðskipti eða verðgildi eignar í fjármálagerningum og/eða innstæðum eftir því sem við á, til að unnt sé að sannreyna þær upplýsingar er koma fram í umsókn hans. Við mat á verðgildi fjármálagerninga og innstæðna, sbr. 2. tölul. 2. mgr. skal tekið tillit til skuld- og veðsetningar eignar í fjármálagerningum og innstæðum, þannig að hrein eign samkvæmt þeim tölulíð sé umfram fjárhæð tölulíðarins. Viðskiptavinir sem hækkaðir eru í flokk upphækkaðra fagfjárfesta bera ábyrgð á því að tilkynna Landsbréfum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem upphækkaðra fagfjárfesta. Ef Landsbréfum verður kunnugt um að viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði þess að vera upphækkaður fagfjárfestir munu Landsbréf flokka viðskiptavininn á ný og tilkynna viðkomandi breytinguna.

b. Upphækkaður fagfjárfestir í flokk almennra fjárfesta

Upphækkaðir fagfjárfestar geta hvenær sem er óskað eftir því að vera færðir aftur í flokk almennra fjárfesta og njóta þannig meiri verndar. Tekið er fram að sumir sjóðir Landsbréfa eru einungis opnir fagfjárfestum.

c. Fagfjárfestir í flokk almennra fjárfesta

Fagfjárfestar geta óskað eftir því að vera flokkaðir almennir fjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem almennan fjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar. Tekið er fram að sumir sjóðir Landsbréfa eru einungis opnir fagfjárfestum.

d. Fagfjárfestir í flokk viðurkenndra gagnaðila

Fagfjárfestar geta sótt skriflega um það til Landsbréfa að vera flokkaðir sem viðurkenndir gagnaðilar.

e. Viðurkenndur gagnaðili í flokk fagfjárfesta

Viðurkenndir gagnaðilar geta óskað eftir því að vera flokkaðir fagfjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

f. Viðurkenndur gagnaðili í flokk almennra fjárfesta

Viðurkenndir gagnaðilar geta óskað eftir því að vera flokkaðir almennir fjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem almennan fjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

g. Viðskiptavinur óskar eftir að tilheyra fleiri en einum flokki

Almennt tilheyra viðskiptavinir Landsbréfa einum flokki. Viðskiptavinir geta óskað eftir því að tilheyra fleiri en einum flokki eftir tegund viðskipta. Sömuleiðis geta viðskiptavinir óskað eftir því að tilheyra tilteknum flokki í einstökum viðskiptum.

h. Framkvæmd tilfærslu milli flokka

Umsókn um tilfærslu milli flokka skal send Landsbréfum, sem leggja mat á umsóknina og fylgigögn. Viðskiptavinur er ekki færður á milli flokka fyrr en staðreynt hefur verið að hann uppfylli skilyrði mffl., hvort

sem óskín lýtur að öllum viðskiptum með fjármálagerninga eða einstökum viðskiptum. Þegar niðurstaða liggur fyrir senda Landsbréf formlega tilkynningu til viðskiptavinar.

8. gr.

Persónuvernd og eftirlit

Öll vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við flokkun viðskiptavina skal vera í samræmi við lög og persónuverndarstefnu Landsbréfa.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar 16. september 2024 og öðlast þegar gildi og koma í stað eldri reglna um sama efni frá 1. september 2021. Reglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri